

Lilja M. Jónsdóttir

í samvinnu við stjórnendur og kennara Flataskóla

Fjölbreyttir kennsluhættir í Flataskóla

Skýrsla um þróunarverkefni



**SRR-Símenntun Rannsóknir Ráðgjöf Kennaraháskóla Íslands
Ágúst 2007**

© Lilja M. Jónsdóttir í samvinnu við stjórnendur og kennara Flataskóla
Skýrsla um þróunarverkefni í Flataskóla: Fjölbreyttir kennsluhættir í Flataskóla
SRR-Símenntun Rannsóknir Ráðgjöf Kennaraháskóla Íslands
ISBN 978-9979-793-61-8

„Við teljum okkur hafa náð fram helstu markmiðum, svo sem sjálfstæðum vinnubrögðum, samvinnu í hópum, eflingu félagstengsla innan árgangsins ásamt fjölbreyttri kennslu og námsmati. Við teljum að nemendur okkar hafi haft gagn og gaman af þessari vinnu. Samkennd árgangsins varð sýnileg og þeir upplifðu sig sem einn stóran hóp þegar verkefnið var frágengið“ (Mat kennara í Flataskóla á einu verkefnanna).

Formáli

Skýrsla stýrihóps um þróunarverkefnið Fjölbreyttir kennsluhættir í Flataskóla

Í stýrihópnum eru: Ágústa A. Sigurbjörnsdóttir, Guðlaug Einarsdóttir, M. Elín Guðmundsdóttir, Margrét Á. Haraldsdóttir, Sigurveig Sæmundsdóttir og Þuríður Jónsdóttir. Samningur var gerður við Lilju M. Jónsdóttur lektor við Kennaraháskóla Íslands. Hún er ráðgjafi kennara við verkefnið.

Meginmarkmið verkefnisins er að efla fjölbreytt og sveigjanlegt skólastarf. Með það í huga að auka veg fjölbreyttra kennslu- og námsmatsaðferða, einkum þeirra sem koma sem best til móts við einstaklingsmiðaðar þarfir nemenda. Þá er stefnt að verkefnum sem beinast að því að auka ábyrgð nemenda á eigin námi. Einnig má nefna aukinn þátt skapandi starfs, samvinnunáms og heildstæðra viðfangsefna þar sem byggt er á upplýsingaleit, úrvinnslu og fjölbreyttri miðlun. Verkefnið á að efla þá sýn að litið sé á hvern árgang sem heild og að hópaskipting innan hans einskorðist ekki við bekkjardeildir.

Verkefnið er hluti af símenntun kennara skólans.

Verkefnið var kynnt kennurum vorið 2006 og hófst með fræðslufundi um fjölbreytt og sveigjanlegt skólastarf þar sem ráðgjafi kynnti verkefnið og helstu hugtök sem byggt yrði á.

Allir árgangar völdu viðfangsefni til að vinna að. Verkefnin voru margvísleg og unnið var á fjölbreyttan hátt þar sem nemendum var oftast skipt í hópa þvert á árganginn. Mikil fjölbreytni var í verkefnavali og gerðu nemendur mörg glæsileg verkefni. Mikil og góð samvinna var við bókasafnið í upplýsingaleit og einnig komu sérgreinakennarar að verkefnum nokkurra árganga. Nemendur kynntu verkefni sín fyrir foreldrum með fjölbreyttum hætti, eins og sýningu á verkum og flutningi í tali og tónum.

Í maí var haldið skólaþing þar sem kennarar allra árganga kynntu helstu verkefni sem unnin höfðu verið í vetur. Lilja M. Jónsdóttir kom á skólaþingið og var hún mjög ánægð með þróunarstarfið í vetur og kynninguna.

Kennarar hafa sýnt mikinn metnað í þróunarstarfinu og skipulagt vinnu nemenda vel.

Kynningar frá skólaþinginu eru á heimasíðu skólans. Þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar um þróunarstarfið. Sótt var um styrk til verkefnisins til Þróunarsjóðs grunnskóla og fékk skólinn úthlutað 600 þús. krónum.

Í tenglum við verkefnið flutti Lilja M. Jónsdóttir fræðsluerindi og einnig kom Ragnheiður Hermannsdóttir með erindi fyrir kennara á yngsta stigi. Allir kennarar skólans fóru í skólaheimsóknir á árinu. Heimsóttir voru Ingunnarskóli og Salaskóli.

Stefnt er að því að halda áfram að þróa fjölbreytta kennsluhætti og námsmat næsta vetur.

Fyrir hönd stýrihópsins

M. Elín Guðmundsdóttir, deildastjóri
Sigurveig Sæmundsdóttir, skólastjóri

Efnisyfirlit

Inngangur	8
Þróunarverkefni	13
Hafið bláa hafið	14
Himingeimurinn	17
Grísk og norræn goðafræði – Flýgur fiskisagan	20
Landnám Íslands	24
Vífilstaðavatn – gersemi Garðabæjar	29
Evrópuverkefni	33
Umræður og niðurstöður	36
Tilvísanir	40

Inngangur

Upphaf þessa ráðgjafarverkefnis má rekja til þess að haustið 2005 leitaði skólastjóri Flataskóla, Sigurveig Sæmundsdóttir, til mín vegna ráðgjafar við kennara í þáverandi 3. bekk. Þessir kennarar voru að þróa kennsluhætti sína í átt að einstaklingsmiðuðu námi og vildu þeir gjarnan fá leiðsögn við það verkefni. Það varð úr að ég heimsótti skólastofur þeirra, fylgdist með kennslu og hélt síðan fund með kennurunum að heimsókn lokinni um það sem fyrir augu hafði borið, skipulagningu skólastarfsins og áframhaldandi þróun þess. Síðar þennan vetur var ég beðin um að vera með fyrirlestur fyrir kennara skólans um einstaklingsmiðað nám og kennslu. Fjallaði ég um uppruna þessara hugmynda í skólastarfi, hvernig einstaklingsmiðað nám og kennsla er skilgreind og um fjölbreytt og sveigjanlegt skólastarf. Þessi fyrirlestur markaði upphafið að þróunarverkefni um fjölbreytta kennsluhætti í Flataskóla. Þetta þróunarverkefni átti að styðja kennara Flataskóla í að skipuleggja skólastarf í anda skólastefnu Garðabæjar en þar er lögð áhersla á að þróa einstaklingsmiðað skólastarf og að auka fjölbreytni í náms- og kennsluháttum (bls. 16).

Gerður var samstarfssamningur við Símenntunarstofnun Kennaraháskóla Íslands um þróunarverkefnið í júní 2006. Var ég fengin til að vera ráðgjafi við það og var skipaður stýrihópur með því. Í honum sátu auk mín, Sigurveig Sæmundsdóttir, skólastjóri, M. Elín Guðmundsdóttir, deildarstjóri yngri deilda og fjórir fulltrúar kennara, þær Guðlaug Einarsdóttir, sérkennari, Ágústa A. Sigurbjörnsdóttir, umsjónarkennari í 7. bekk, Margrét Á. Haraldsdóttir, umsjónarkennari í 1. bekk og Þuríður Jónsdóttir, heimilisfræðikennari.

Markmið þróunarverkefnisins voru skilgreind í samvinnu við stjórnendur skólans og var meginmarkmið þess að efla fjölbreytt og sveigjanlegt skólastarf í þeim tilgangi að auka veg fjölbreyttra kennslu- og námsmatsaðferða með það í huga að koma sem best til móts við einstaklingsmiðaðar þarfir nemenda, áhuga, hæfileika og getu.

Önnur markmið og áherslu verkefnisins voru þessi:

- Verkefnið á að efla þá sýn á skólastarfið að litið sé á hvern árgang sem heild og að hópaskipting innan hans einskorðist ekki við bekkjardeildir.
- Sérstaklega verður leitað leiða til að koma betur til móts við nemendur sem þurfa sérstakan stuðning vegna sértækra námsörðugleika, hegðunarfrávika og bráðgerra barna.

- Teymiskennsla verður efl. Myndaður verður samvinnuhópur kennara um hvern árgang sem ber ábyrgð á skipulagningu kennslu og námsumhverfis, þ.m.t. stuðningskennslu.
- Stefnt er að því að auka þverfaglega samvinnu og að sjónarmið list- og verkgreina skipi veglegan sess í verkefninu.
- Áhersla verður lögð á að skólanámskráin endurspegli þá kennsluhætti sem þróaðir verða í verkefninu.
- Að því verður keppt að kennarar þrói einstaklingsmiðaðar námsmatsaðferðir í tengslum við þróunarverkefnin.

Fyrirlestrinum um einstaklingsmiðað nám var fylgt eftir á skipulagsdegi skólans í júní 2006 með dagskrá um kennsluhætti í anda einstaklingsmiðaðs náms og kennslu og unnu kennarar í smærri hópum að fyrstu hugmyndum um framkvæmd verkefnisins. Ætlunin var að umsjónarkennarar hvers árgangs skipuðu sér í teymi og skipuleggðu skólastarfið í sameiningu þar sem lögð yrði áhersla á samvinnu allra nemenda viðkomandi árgangs. Stefnt yrði að því að hvert teymi kennara gerði grein fyrir viðfangsefnum sínum í lok verkefnisins, annars vegar með því að kynna verkefni sín á innanhússþingi sem haldið yrði vorið 2007 og hins vegar með því að taka saman skýrslu um það. Voru kennarar hvattir til að halda vel til haga upplýsingum um verkefni sín á öllum stigum þeirra, s.s. að skrá framvindu, safna saman kennsluáætlunum, sýnishornum af leiðbeiningum til nemenda og úrlausnum nemenda og síðast en ekki síst að taka myndir af nemendum í starfi. Litið var svo á að þátttaka í þessu verkefni væri hluti af símenntun starfsmanna skólans.

Framkvæmd þróunarverkefnisins var þannig að tekinn var frá tími af föstum fundartíma og skipulagsdögum skólans fyrir kennara til að vinna saman og áttu kennarar að sækja kynningardagskrár og sitja fundi stýrihóps og ráðgjafa, taka þátt í innanhússþingi og skila skýrslu um sinn þátt eins og fyrr segir. Skólastjórnendur báru meginábyrgð á verkefninu og fylgdust með framvindu þess en stýrihópurinn tók að sér að samhæfa verkefnið í heild og sjá um framkvæmd þess og kynningu innan og utan skólans. Hlutverk mitt sem ráðgjafa var að taka þátt í undirbúningi verkefnisins, annast kynningu á því á skipulagsdegi í ágúst og sitja fundi með stýrihópi eftir þörfum. Ég sat samstarfsfundi með einstökum kennarateyimum, ræddi hugmyndir þeirra um val á viðfangsefnum og skipulagningu verkefna, og leiðbeindi þeim á þann hátt sem óskað var eftir. Þá átti ég sem ráðgjafi að taka þátt í innanhússþingi og ritstýra lokaskýrslu um þróunarverkefnið í samvinnu við stýrihóp.

Nokkrir fyrirlestrar og fræðslufundir svo og samstarfsfundir með kennarateymum voru skipulagðir skólaárið 2006 - 2007 í tengslum við þróunarverkefnið. Þá var farið í tvær skólaheimsóknir. Eins og sést hér á eftir þá sá ég sem ráðgjafi verkefnisins um nokkra fræðslufundi:

25. apríl – gerði ég grein fyrir hugmyndum að baki einstaklingsmiðuðu námi, eins og áður hefur komið fram, hvernig það er skilgreint m.a. í ritinu *Skólastarf á nýrri öld*, og um skipulagningu á kennslu í anda þess.

6. júní – fjallað ég um hugmyndir mínar um skipulagningu einstaklingsmiðaðs náms og kennslu í blönduðum bekk, einkum á miðstigi grunnskólans, þar sem gengið er út frá fjölbreyttu og sveigjanlegu skólastarfi. Fjallaði ég m.a. um áætlanagerð nemenda, markvissa samvinnu nemenda, samþættingu námsgreina og skipulagningu þemanáms. Lögð var sérstök áhersla á að kennarar kynntu sér handbækur um kennslufræði á íslensku, m.a. *Litróf kennsluaðferðanna*, *Leiklist í kennslu*, *Skapandi skólastarf* og *Fagleg kennsla í fyrirrúmi*. Þá stýrði ég hópvinnu og umræðum kennara um hugmyndir þeirra um möguleg viðfangsefni.

18. ágúst – var þróunarverkefnið, sem fékk heitið Fjölbreyttir kennsluhættir í Flataskóla, kynnt. Gerði ég, sem ráðgjafi verkefnisins, kennurum og starfsfólki skólans grein fyrir markmiðum þess, hugmyndum um framkvæmd og áætlunum um kynningu og mat.

Að lokinni kynningu á verkefninu hitti ég hvert samstarfsteymi kennara og ræddi við þá þær aðferðir og viðfangsefni sem þeir höfðu áhuga á að kynna sér og prófa í sinni kennslu. List- og verkgreinakennarar skólans völdu þá árganga sem þeir vildu funda með. Kom fram að kennarar höfðu áhuga á að vinna að þessum verkefnum á haustönn:

1. – 2. bekkur: Sameiginleg hringekja með ýmsum námsgreinum
3. bekkur: Vinna viðfangsefni sem nefnist Himingeimurinn.
4. bekkur: Þemaverkefni um grísku goðin og norræna goðafræði.
5. bekkur: Skipuleggja hringekju þar sem árganginum er blandað saman.
6. bekkur: Þemaverkefni um Vífilsstaðavatn.
7. bekkur: Verkefni út frá námsefninu *Ein grjóthrúga í hafinu*, þar sem gert verður ráð fyrir fjölbreyttum kennsluaðferðum og skapandi vinnu.

18. október – fjallaði Ragnheiður Hermannsdóttir, kennari við Háteigsskóla, og aðjúnkt við Kennaraháskóla Íslands, um fjölbreytta kennslu á yngsta stigi grunnskólans.

Kennarar Flataskóla heimsóttu Ingunnarskóla í Reykjavík 23. október. Upplýsingafulltrúi skólans tók á móti kennurunum og fóru þeir síðan um svæði skólans, kynntu sér starfið og ræddu við kennara. Töldu þeir afar gagnlegt að fara í skólaheimsókn sem þessa til að kanna hvað aðrir kennara eru að gera, þ.e. að fá innsýn í starfsaðferðir þeirra, skipulag og hugmyndir því það opnar fleiri möguleika í þeirra eigin þróunarstarfi.

Þá heimsóttu nokkrir kennara Salaskóla í Kópavogi. Deildarstjóri tók á móti hópnum og kynnti skólann og skólastarfið. Í Salaskóla eru aldursblandaðir námshópar, tveir árgangar saman. Markmið með aldursblöndun eru bæði námsleg og félagsleg. Í samkenntu er horft á sérhvern nemanda og hún stuðlar að einstaklingsmiðaðri kenntu. Skipulag af þessu tagi gefur aukna möguleika á sveigjanleika í skólastarfinu og að komið sé til móts við mismunandi þarfir nemenda. Það er alltaf gagnlegt að fara í heimsóknir og sjá hvað aðrir eru að gera.

Á skipulagsdegi skólans, 4. janúar, hitti ég öll kennarateymin aftur og voru viðfangsefni sem tengdust þróunarverkefninu skilgreind frekar og gerð áætlun um framkvæmd þeirra. Sum verkefni voru enn á dagskrá, sumum þeirra var lokið og önnur tekin við, og sum þeirra höfðu ekki enn verið unnin. Hér á eftir eru þau verkefni sem kennarar höfðu í hyggju að vinna að á vorönn:

1. og 2. bekkur: Sameiginleg hringekja með ýmsum námsgreinum verður áfram. Þar að auki þemaverkefni um fjöll á Íslandi.
3. bekkur: Viðfangsefnið Eyjaverkefnið (að nema land) var á áætlun. Árganginum verður blandað saman í þeirri vinnu.
4. bekkur: Þemaverkefni út frá bókinni *Flygur fiskisagan*. Árganginum verður blandað saman í þeirri vinnu.
5. bekkur: Hringekjan þar sem árganginum er blandað saman verður áfram. Auk þess verður þemaverkefni um landnáms Íslands og árganginum blandað saman í þeirri vinnu.
6. bekkur: Þemaverkefni um Vífilstaðavatn lokið og við tekur verkefni um Snorra Sturluson og verður árganginum blandað saman í þeirri vinnu.
7. bekkur: Verkefni út frá námsefninu *Ein grjóthrúga í hafinu* er lokið. Við tekur þemaverkefni um Evrópu og verður árganginum blandað saman í þeirri vinnu.

Undir vorið tók ég saman leiðbeiningar um skýrslugerð og sendi kennurum til að nota við frágang skýrslna sinna. Þessar leiðbeiningar er að finna í viðauka með skýrslunni.

Innanhússþingið var haldið 22. maí, en þar gerðu kennarar árganga grein fyrir þeim verkefnum sem þeir völdu að fjalla sérstaklega um og ætluðu að setja í skýrsluna um þróunarverkefnið. Eftir innanhússþingið skiluðu kennararnir skýrslum um verkefni sín og er nánari lýsingu á þeim að finna hér á eftir.

Þróunarverkefni

Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim þróunarverkefnum sem kennarar völdu að fjalla sérstaklega um í þessari skýrslu.

Þróunarverkefni voru þessi:

- 1. – 2. bekkur – Margrét Ásdís Haraldsdóttir, Ragna Gunnarsdóttir og Rakel Svansdóttir: **Hafið bláa hafið.**
- 3. bekkur – Olga G. Snorradóttir – Oddný Jóna Þorsteinsdóttir: **Himingeimurinn.**
- 4. bekkur – Hanna Lóa Friðjónsdóttir, Ída Björg Unnarsdóttir og Ólöf Sighvatsdóttir: **Grísk og norræn goðafræði og Flýgur fiskisagan.**
- 5. bekkur – Anna Rósa Skarphéðinsdóttir, Elín Margrét Gunnarsdóttir, Halla Ingibjörg Svavarsdóttir og Ragnheiður Friðjónsdóttir: **Landnám Íslands**
- 6. bekkur – Skúli Kristjánsson Þorvaldz og Svanhvít Guðbjartsdóttir: **Vífilsstaðavatn – gersemi Garðabæjar**
- 7. bekkur – Guðríður Rail, Halla Rósenkranz, Helga Sigríður Guðjónsdóttir og Ágústa Amalía Sigurbjörnsdóttir: **Evrópuverkefni**

Skýrslur þróunarhópanna eru birtar í þessari röð í næsta kafla.

Hafið bláa hafið

1. og 2. bekkur



Í þessu verkefni unnu nemendur 1. og 2. bekkjar saman í hringekju. Megináhersla var lögð á samþættingu námsgreina þar sem fjölbreyttir kennsluhættir voru hafðir að leiðarljósi. Viðfangsefnið var Hafið og fræddust nemendur um fjöruna, fiska og lífið við bryggjuna. Stuðst var m.a. við námsefnið „Komdu og skoðaðu hafið“. Nemendum var skipt í aldursblandaða hópa og voru um 12 nemendur í hverjum hóp. Verkefnið tók fimm vikur þar sem nemendur unnu í hópum einu sinni í viku í þrjár kennslustundir í senn. Auk þess var unnið á öðrum tímum í verkefnum sem voru tengd hringekjunni.



Verkefnið fékk yfirskriftina *Hafið* vegna þess að í því fræddust nemendur um fjöruna, fiska við Íslandsstrendur og lífið við bryggjuna. Við ákváðum að taka þetta verkefni vegna þess að hafið skipar stóran sess í lífi Íslendinga, bæði sem atvinnugrein en einnig landfræðilega. Okkur þótti einnig mikilvægt að fara í verkefnið ekki síst vegna þess að bæir beggja vegna við okkur hafa atvinnu af sjávarútvegi en Garðabær ekki þó svo að hann liggi að sjó.

Helstu markmið okkar sem kennara með þessu verkefni voru:

- Samkennsla árganga, fjölbreyttir kennsluhættir og samþætting námsgreina.

Það sem við ætluðumst til að nemendur myndu fá út úr verkefninu var að

- þeir myndu þekkja algenga fiska við Íslandsstrendur, kynnast atvinnulífi í kringum sjávarútveg, þjálfast í að fara í vettvangsferðir, fá tækifæri til að vinna saman, örva skapandi hugsun og vinnubrögð og efla sjálfstæði.

Við byrjuðum á því að ákveða að við ætluðum að hafa fimm stöðvar í svo kölluðu hringekjuskipulagi. Við skiptum nemendum í 1. og 2. bekk í fimm hópa, einn hóp á hverja

stöð. Hóparnir fengu nafn á íslenskum fiskum en þeir voru, lúða, ýsa, þorskur, karfi og steinbítur. Hver kennari var með ákveðið verkefni og skiptust nemendur á að fara á milli stöðva, en þær voru eftirfarandi:

- Stöð 1: Lesin var sagan Regnbogafiskurinn fyrir nemendur og rætt um efnisinnihald hennar. Eftir umræðurnar bjuggu nemendur til sinn regnbogafisk úr geisladiskum (sjá fylgiskjal 1).
- Stöð 2: Farið var yfir helstu tegundir og einkenni fiska við Íslandsstrendur. Eftir það bjuggu nemendur, í 2-3 nemenda hópi, til pappafisk sem síðan heftaður saman og fylltur með dagblöðum/tróði. Nemendur þurftu að gera aðra hliðina fyrst og spegla hina hliðina áður en þeir heftuðu.
- Stöð 3: Á þessari stöð fóru nemendur í heimilisfræði.
- Stöð 4: Stærðfræði. Hálfan tímann vann ½ hópur bls. 32 í Einingu 3 og ½ hópur spilaði heimager fiskaspil og svo var skipt.
- Stöð 5: Upplýsingatækni. Hálfan tímann vann ½ hópur við upplýsingaöflun á bókasafninu undir stjórn bókasafnsfræðings á meðan hinn hlutinn var í tölvum, þar sem m.a. vefurinn *Komdu og skoðaðu hafið* var skoðaður.



Verkefnið tók fimm vikur þar sem nemendur unnu í hópunum einu sinni í viku í þrjár kennslustundir í senn. Auk þess var unnið á öðrum tímum í verkefnum sem voru tengd hringekjunni. Farið var í þrjár vettvangsferðir. Við fórum tvisvar sinnum í fjöruferð. Þar skoðum við lífríkið. Úr fjörunni komum við með grjót, þara og skeljar sem notað var til að



útbúa lokasýningu á verkefninu. Einnig fórum við með allan nemendahópinn í strætó til Hafnarfjarðar en þar heimsóttum við Fiskmarkað Suðurnesja í Hafnarfirði. Foreldrar fjölmenntu og aðstoðuðu í ferðinni. Við veiddum tvo "fiska" á bryggjunni sem við gerðum að í raungreinastofunni þegar heim var komið. Við heimsóttum líka beitingamenn sem voru við vinnu sína í skúr við Fornubúðir.



Í lok verkefninsins settu nemendur upp sýningu ýmist sjálfir eða með aðstoð kennara. Þeir endursköpuðu hafið ásamt því að setja upp ritunarverkefni og fleiri verkefni tengd hringekjunni.

Foreldrum var boðið á sýningu á skólatíma einn morguninn.

Það var heitt á könnunni og foreldrar gengu um ganginn þar sem öll verkin voru og skoðuðu, nemendur voru á ferð um ganginn og útskýrðu verkefni sín fyrir foreldrum.



Verkefninu lauk svo alveg seinni part sýningardagsins með því að nemendum var boðið í „bíó“ á sal skólans. Myndin Nemó varð fyrir valinu. Kennarar útbjuggu bíómiða og í hléinu var boðið upp á súkkulaðiköku sem var í laginu eins og fiskur og kalda mjólk með.

Í heild erum við mjög ánægðar með niðurstöðurnar. Það sem við lögðum upp með tókst mjög vel. Samkennslan gekk vonum framár, samþætting námsgreina kom að sjálfu sér og verkefni voru fjölbreytt sem og kennsluhættir. Nemendur voru einnig ánægðir með verkefnið í heild sinni og kunnu vel að meta fjölbreytileika verkefnanna þar sem að allir fundu eitthvað við sitt hæfi. Áður upptöldum námsmarkmiðum var náð að okkar mati og í raun fengu nemendur meira út úr verkefninu en við þorðum að vona.

Það sem miður fór var ekki margt en eftir á að hyggja hefðum við viljað skila því sem við tókum úr fjörunni í hana aftur. Heimilisfræðikennarar telja að ekki sé gott að blanda þessum árgöngum saman.

Okkur líkaði vel að vinna þetta verkefni. Samvinna kennaranna var mjög góð og það er það sem við teljum vera hið mikilvægasta, grunnurinn að góðu verkefni liggur í góðri samvinnu kennaranna. Okkur þótti sérstaklega gaman að sjá hvað nemendur í 1. og 2. bekk unnu vel saman og hjálpuðu hverjum öðrum. Þá var líka gaman að sjá nemendur sem eru ekki sterkir á bókina vinna skapandi verkefni og fá hrós fyrir það frá samnemendum sínum. Segja má að það hafi yljað okkur um hjartarætur.

Himingeimurinn

3. bekkur



Verkefninu sem hér er lýst heitir **Himingeimurinn**. Það var unnið fyrri hluta vetrar.

Ástæða þess að þetta verkefni var valið var að það er hæfilega afmarkað fyrir þann tímafjölda sem bekkirnir í árganginum höfðu sameiginlega á stundaskrá. Þeir sem tóku þátt í verkefninu voru allir nemendur 3. bekkja, samtals 39 nemendur, bekkjarkennarar, bókasafnsfræðingur og stuðningsfulltrúi.

Bókin sem lögð var til grundvallar var *Komdu og skoðu himingeiminn*, einnig var ýmis konar ítarefni af bókasafni notað ásamt veraldarvefnum.

Verkefnið var þróunarvinna í samfélags- og náttúrufræði.

Helstu markmiðin voru:

- Að nemendur kynntust himingeimnum
- Að nemendur beggja bekkja kynntust og lærðu að virða hvert annað og vinna saman
- Að nemendur lærðu að leita upplýsinga og heimilda
- Að nemendur gætu kynnt verkefni sín fyrir öðrum

Í upphafi fóru 10 manna blandaðir hópar á bókasafnið í tvær kennslustundir. Þar tók bókasafnsfræðingur á móti þeim. Hver nemandi valdi sér eina plánetu og aflaði sér upplýsinga um hana og skráði. Gögnin sem nemendur nýttu sér voru bækur sem bókasafnsfræðingur hafði fundið til ásamt veraldarvefnum. Þarna vann hver á sínum forsendum og fékk þá aðstoð sem hann þurfti.

Myndbandið *Plánetunar* frá Eyewitness var notað sem kveikja. Miklar umræður sköpuðust eftir sýningu myndbandsins. Var það góður undirbúningur fyrir áframhaldandi vinnu. Að þessu loknu var bókin *Komdu og skoðaðu himingeiminn* lesin og rædd.

Komið var að því að skipta nemendum í hópa. Myndaðir voru fjögurra manna hópar úr báðum bekkjum. Fékk hver hópur eina plánetu sem hann átti að gerast sérfræðingur í. Gögnin sem nemendur nýttu sér voru bókin *Komdu og skoðaðu himingeiminn*, bækur og veggspjald sem fengið var að láni á bókasafni. Nemendur voru líka hvattir til þess að leita sér upplýsinga heima og fá aðstoð við það. Hóparnir fengu blað með þeim punktum sem koma áttu fram í verkefninu.

Hver hópur:

- a) teiknaði sína plánetu og litaði,
- b) fann einkenni hennar s.s.
 1. stærð
 2. hvar hún er í röðinni talið frá sólu
 3. hvernig hún er á litinn
 4. hvernig landslagið er (fjöll, sléttur, sandur, gróður)
 5. hvernig loftslagið er (heitt, kalt, þurr eða rakt)
 6. hvað hún er lengi að snúast í kringum sjálfa sig og sólina
 7. önnur einkenni ef einhver eru

Unnið var að þessu verkefni í þrjár vikur um það bil fimm kennslustundir á viku. Notaðar voru kennslustundir sem báðir bekkir voru samtímis í, í sínum heimastofum. Gangar voru nýttir ásamt kennslustofum í hópastarfinu.

Þegar allir hóparnir höfðu fengið tíma til að vinna að sínu verkefni var unnið að frágangi á kynningu. Nemendur þurftu m.a. að skipta með sér verkum fyrir kynninguna. Hóparnir sýndu verkefni sín og sögðu frá því sem þeir höfðu komist að um plánetuna. Skemmtilegast var þegar þau höfðu náð í upplýsingar sem komu á óvart og vöktu þar með forvitni hinna nemendanna. Í lok verkefnisins kom sú frétt í fjölmiðlum að Plútó væri ekki ein af reikistjörnunum. Sköpuðust miklar og áhugaverðar umræður um réttmæti þessarar fréttar.



Verkefnið vakti mikla ánægju hjá flestum nemendum og vinnugleði var yfirleitt mikil. Vinnan á bókasafninu og myndbandið var góð kveikja að verkefninu.

Þegar raðað var í hópa voru styrkleikar hvers og eins hafðir að leiðarljósi. Haft var í huga að nemendur hvers hóps gætu unnið vel saman. Þrátt fyrir þetta var einn og einn nemandi óvirkur.

Bekkjarkennurum fannst þetta verkefni takast vel til. Þetta var í fyrsta skipti sem árganginum var blandað saman í verkefnavinnu og þótti það takast einkar vel. Létu nemendur almennt í ljós ánægju með það samstarf.

Grísk og norræn goðafræði – Flýgur fiskisagan

4. bekkur

Í vetur tókum við fyrir tvö stór þemaverkefni. Við veltum því fyrir okkur að taka Ísland áður fyrr en töldum að betra væri að geyma það þar til í 5. bekk þar sem landnámið er kennt þá. Þess í stað ákváðum við að taka fornsögur en þrændum það niður í gríska og norræna goðafræði. Hitt verkefnið var *Flýgur fiskisagan* sem við unnum út frá samnefndri bók. Þetta verkefni hefur áður verið unnið í skólanum en við breyttum áhersluþáttum og útfærslu. Við völdum þessi verkefni af því að okkur fannst þetta áhugavert og fróðlegt efni sem samræmdist skólanámskrá 4. bekkjar. Það var auðvelt að samþætta námsgreinar og gáfu verkefnin mikla möguleika á skapandi vinnu.

Markmið í norrænu og grísku goðafræðinni

- Nemendur þekki heimsmynd goðanna
- Nemendur kunni skil á meginatriðum í norrænum og grískum fornsögum
- Nemendur þekki helstu persónur í goðafræðinni og sögur af afrekum þeirra, hvernig og hvar þau bjuggu, hvernig þau klæddust og daglegt líf þeirra
- Nemendur geti aflað sér upplýsinga af neti og í bókum og nýtt sér þær í verkefnavinnu
- Nemendur læri að vinna saman í hóp
- Nemendur öðlist sjálfstæði í vinnubrögðum



Markmið í verkefninu Flýgur fiskisagan

- Nemendur þekki helstu fisktegundir við Ísland og fleira tengt þeim
- Nemendur vinni með hlutföll, t.d. stærðir á fiskum og hvölum
- Nemendur kynnist málnotkun tengdri sjávarútvegnum, m.a. orðum eins og síldartorfa, peningalykt, málsháttum og orðtökum
- Nemendur geti aflað sér upplýsinga af neti og í bókum og nýtt sér þær í verkefnavinnu
- Nemendur læri að vinna saman í hóp
- Nemendur öðlist sjálfstæði í vinnubrögðum



Útfærsla – Grísk og norræn goðafræði

Verkefnið var unnið kynjaskipt. Drengirnir unnu með norræna goðafræði og stúlkurnar unnu með gríska goðafræði. Hver kennari hafði umsjón með sama hópnum allt verkefnið sem stóð yfir í fimm vikur. Verkefnið var unnið átta kennslustundir á viku.

Verkefni sem unnin voru

- Harmonikkubækur með helstu upplýsingum um goðin
- Eftirmyndir af goðunum í fullri stærð
- Litlar víkingabréður
- Líkan af heimsmynd grískrar og norrænnar goðafræði
- Gifsgrímur af gyðjum (afsteypur af andlitum stúlkanna)
- Skildir, hjálmar og sverð úr pappa
- Veggspjöld lituð og máluð



Útfærsla – Flýgur fiskisagan

Verkefnið var unnið í fjórar vikur, 12 kennslustundir á viku.

Verkefninu var skipt í tvo hluta:

Hlutbundna vinnu – umsjónarhópar bjuggu til síldarstúlkur, sjómenn, skip og fiska af öllum stærðum og gerðum sem stillt var upp á gangi.

Bóklega vinnu – nemendum var skipt í þrjá vinnuhópa þvert á árganginn. Nemendur unnu í hringekju verkefnablöð í íslensku, stærðfræði og samfélagsfræði sem sett voru saman í eina bók.

Farið var í tvær vettvangsferðir. Önnur ferðin var í Sjávardýrasafnið í Húsdýragarðinum þar sem nemendur fengu leiðsögn, hin var fjöruferð þar sem nemendur fundu efnivið í verk sín. Einnig fengum við höfund bókarinnar í heimsókn sem sagði nemendum frá síldarárunum á Seyðisfirði og söng vel valin sjómannalög.



Mat á verkefninu

Nemendur voru glaðir og áhugasamir og verkefnið voru við hæfi hvers og eins. Kynjaskipting kom skemmtilega út í grísku og norrænu goðafræðinni og var nýbreytni fyrir nemendur.

Gaman var að enda bæði verkefnið með sýningu á gangi og sal þar sem foreldrum var boðið að koma og sjá afrakstur vinnunnar.

Gott er að hafa í huga næst þegar þessi verkefni verða unnin:

- Að stúlkur kynni grísku goðafræðina fyrir drengjum og öfugt.
- Að samþætta sérgreinar meira inn í verkefnið.
- Að skipuleggja meiri stærðfræði í goðafræðinni.
- Að nýta bókasafnið betur til verkefna og upplýsingaöflunar.

Lokaorð

Okkur fannst mjög skemmtilegt að vinna þessi verkefni og finna hvað nemendur voru áhugasamir og lifðu sig inn í verkefnið. Sérstaklega fannst okkur gaman að vinna verkefnið

um gríska og norræna goðafræði þar sem við vorum sjálfar að rifja upp og kynna okkur efnið með nemendum. Þetta verkefni hefur ekki áður verið unnið í skólanum og vakti verðskuldaða athygli annarra nemenda, kennara og gesta sem það sáu. Við náðum þeim markmiðum sem við settum okkur í upphafi með bæði verkefnin.



Landnám Íslands

5. bekkur



Bókin *Landnám Íslands* var lögð til grundvallar en hún er námsefni 5.bekkja samkvæmt Aðalnámskrá. Út frá efni bókarinnar var unnið stórt þemaverkefni og farið í heimsóknir á Þjóðminjasafnið og Minjasafn Reykjavíkur. Einnig var fenginn „víkingur“ í heimsókn sem sýndi klæði og vopn. Verkefninu lauk með hátíðarsýningu. Vorferðin verður svo farin í Landnámssetrið í Borgarnesi.



Markmið með verkefninu var að

- stuðla að sjálfstæðum vinnubrögðum
- nemendur kynnist innbyrðis
- efla félagstengsl og samkennd
- skapa tilbreytingu í skólastarfi
- nýta fjölbreytta kennsluhætti
- nemendur setji sig í spor landnámsmanna

Skipulag

Vinna verkefnisins hófst í lok ágúst og stóð yfir í tíu vikur. Unnið var í fjórum stofum, fjóra daga vikunnar, tvær kennslustundir í senn. Í árganginum eru þrír bekkir alls 78 nemendur. Þeim var skipt í fjóra hópa og reynt að hafa kynjahlutföll jöfn. Hver kennari var með fjóra til fimm nemendahópa og í hverjum hópi voru fjórir nemendur. Sömu verkefni voru unnin í öllum stofum á sama tíma.

Ástæðan fyrir þessu skipulagi var fyrst og fremst stærð bekkjanna og að fjórði kennarinn bættist í hópinn. Með þessu skipulagi gafst tækifæri til að efla félagstengsl og samkennd nemenda innan árgangsins, einnig að koma í veg fyrir samanburð og rígg milli bekkja. Þar sem hóparnir voru fámennari gafst ráðrúm til skapandi og fjölbreyttari kennsluáferða.

Útfærsla

Hver hópur fór til síns kennara og byrjað var á hugstormun til að kanna vitneskju nemenda um landnámið, skapa umræður og kveikja hjá þeim hugmyndir um námsefnið. Þá útbjó hver nemandi verkmöppu til að halda utan um verkefnið sín. Síðan sköpuðu þeir hver sína landnámspersónu. Nemendur höfðu frjálst val um hvers konar persónu þeir vildu skapa, eins og t.d. barn, stórbóndi, leiguliði, frjáls maður eða þræll. Að því loknu skrifuðu þeir persónulýsingu sinnar persónu. Hver hópur bjó til eitt skip til að ferðast á yfir hafið ásamt dýrum, matföngum og vopnum. Þegar hér var komið sögu máluðu nemendur bakgrunn, haf, himinn og lönd. Þessu var valinn staður á stórum vegg á gangi fyrir framan kennslustofurnar. Næstu kennslustundir fóru síðan í að ljúka verkefninu með því að hengja á bakgrunninn þá hluti sem nemendur höfðu útbúið. Þá sömdu nemendur eina lýsingu á ferð sinni til Íslands og aðra sem lýsti fyrstu dögum þeirra í nýju landi. Unnu nemendur verkefnið í tölvum og kynntust „power point“ forritinu. Nemendur kynntu síðan verkefni sín fyrir gestum á lokahátíðinni með glærusýningu. Ritverkum nemenda var einnig safnað saman í vinnubók sem þeir myndskreyttu á ýmsan hátt. Á þessu tímabili fóru nemendur í heimsóknir í Þjóðminjasafn Íslands og Minjasafn Reykjavíkur og sáu sýningar tengdar Landnámi Íslands. Í

kjölfarið rituðu nemendur sín eigin nöfn með rúnalettri en þeir höfðu einmitt kynnst rúnalettri í heimsókn sinni á Þjóðminjasafnið. Einnig kom í heimsókn „víkingur“ frá félagsskapnum *Rimmugýg* í Hafnarfirði sem sýndi nemendum klæði og vopn. Loks var haldin sameiginleg landnámshátíð allra hópanna á sal skólans þar sem nemendur stóðu fyrir kynningu á verkefnum sínum. Í samstarfi við tónmenntakennarann fluttu þau krummaklapp sem hafði verið æft sérstaklega sem lokaatriði hátíðarinnar. Einnig voru flutt söngatriði, leikrit og frásagnir. Foreldrum var boðið á hátíðina og voru þjóðlegir réttir á borðum í boði þeirra. Á meðan á snæðingi stóð voru myndir sýndar sem kennarar höfðu tekið af nemendum við vinnu í hópunum og í ferðunum á söfnin.

Námsmat

Vinnubók 30%
Hópvinnu/samvinna 30%
Heimsóknir á söfn 5%
Landnámshátíð 10%
Miðsvetrarprófið 25%



Kostir

Við kennararnir vorum nokkuð sáttir við verkefnavinnuna og skipulagið. Við teljum okkur hafa náð fram helstu markmiðum, svo sem sjálfstæðum vinnubrögðum, samvinnu í hópum, eflingu félagstengsla innan árgangsins ásamt fjölbreyttri kennslu og námsmati.

Við teljum að nemendur okkar hafi haft gagn og gaman af þessari vinnu. Samkennd árgangsins varð sýnileg og þeir upplifðu sig sem einn stóran hóp þegar verkefnið var frágengið og einnig á landnámshátíðinni. Skapandi nemendur nutu sín vel í þessu verkefni og einnig mátti sjá nemendur blómstra sem erfitt eiga með bóknám. Heimsóknirnar á söfnin og „víkingurinn“ sem við fengum í heimsókn voru kærkomin viðbót. Verkefnið varð falleg heild þegar því lauk og nemendur umgengust það með virðingu og stolti. Landnámshátíðin tókst framúrskarandi vel og var góð uppskeruhátíð. Allir, þ.e. nemendur, foreldrar og kennarar voru mjög ánægðir með árangurinn.

Framundan er vorferð nemenda og hugsum við okkur hana sem viðbót við verkefnið. Farið verður í Landnámssetrið í Borgarnesi þar sem við munum sjá sýninguna um Egil Skallagrímsson og landnámið.



Ókostir

Verkefnið tók lengri tíma og varð umfangsmeira en við höfðum gert ráð fyrir í upphafi. Við hittumst alla daga á meðan á verkefninu stóð til að skipuleggja næstu skref. Við kennararnir höfðum ekki allir kennt Landnámið eða tekið þátt í svona kennsluskipulagi og skýrir það að hluta hve okkur þótti fara langur tími í undirbúning fyrir hvern dag. Einnig voru á sama tíma önnur krefjandi verkefni í gangi. Rammaskipulag hefði þurft að vera tilbúið í upphafi vinnunnar. Við fórum af stað með verkefnið strax og skóli byrjaði og sum börnin voru ekki búin að ná nógu vel saman eftir sumarið og skapaði það erfiðleika í samskiptum í hópstarfinu. Þó að verkefnið hafi tekist með ágætum þá var nemendahópurinn eftir á að hyggja allt of stór og mælum við með að nemendur í hverjum hóp séu ekki fleiri en fimmtán. Við hefðum þurft að vera með markvissari kveikju í upphafi verkefnisins. Sennilega hefði einmitt verið gaman að fá „víkinginn“ í heimsókn í byrjun vinnunnar eða byrja á því að fara á söfnin. Við vorum ekki öll að vinna á sömu hæð skólans og þar af leiðandi voru nemendur lengi að koma sér í stofur og ráp skapaðist milli hæða. Sérstaklega var þetta fyrirkomulag erfitt fyrir nemendur með svokölluð frávik. Þá var ein af stofunum of lítil og nemendur þurftu að vera úti á gangi sem olli truflunum.



Lokaorð

Landnám Íslands var áhugavert og skemmtilegt verkefni sem vakti nemendur til vitundar um rætur okkar Íslendinga. Fróðlegt var að sjá að það höfðaði vel til flestra nemenda enda gaf það tækifæri til skapandi vinnu og fjölbreyttra kennsluhátta. Eftir á að hyggja sjáum við að meiri tíma hefði þurft í undirbúning og skipulag.

Vífilstaðavatn – gersemi Garðabæjar

6. bekkur



Í verkefninu um Vífilstaðavatn er nemendum kynnt umhverfi og lífríki vatnsins. Unnið er í lotum, átta tíma á viku (samfélags-, náttúru- og kristinfræði) í fjórar vikur. Stuðst er við bókina Vífilstaðavatn – gersemi Garðabæjar, efni í bókum og blöðum og af vef. Nemendur safna allri sinni vinnu í safnmöppu og útbúa vinnubók í lokin. Vinna er mjög fjölbreytt. Farið er í tvær vettvangsferðir að vatninu í ólíkum tilgangi. Í fyrra skiptið er umhverfi, plöntu- og fuglalíf skoðað. Í seinna skiptið er lífið í vatninu skoðað í samvinnu við líffræðing.

Unnið er frekar úr báðum ferðum í skólanum. Annars vegar með því að greina plöntur og flokka fugla. Hins vegar með því að kryfja fisk og skoða smádýr úr vatninu. Mikil vinna fer fram á bókasafni í samvinnu við bókasafnsfræðing. Verkefni af bókasafninu eru sett upp í tölvum í tölvutímum bekkjanna. Mikið er gert úr verkum nemenda hverju sinni með því t.d. að hengja þau upp, gefa umsögn, mynda og setja á heimasíðu (skóla og árgangs). Nemendur setja sér markmið í samvinnu við foreldra í upphafi verkefnisins. Um miðbik og í lok verkefnisins meta þeir vinnu sína og um leið eiga foreldrar að gefa umsögn. Kennari gefur

síðan nemendum umsögn og einkunn í lokin þar sem meðal annars er stuðst við það mat nemandans á eigin vinnu.

Inngangur

Verkefnið sem hér er til umfjöllunar er um Vífilsstaðavatn. Þetta verkefni er kennt ár hvert í 6. bekk Flataskóla meðal annars vegna nálægðarinnar við vatnið. Verkefnið býður upp á fjölbreytta og skemmtilega nálgun og úrvinnslu.

Helstu markmið með verkefninu eru að

- nemendur læri að þekkja og virða umhverfi sitt og náttúru
- nemendur geri athuganir á ferskvatni og kanni mismunandi þætti s.s. lífríki, fæðukeðjur o.fl.
- nemendur þekki alla íslenska ferksvatnsfiska og hvernig þeir hafa borist til landsins
- nemendur setji sér markmið og meti eigin vinnu
- nemendur fræðist um heimildavinnu
- nemendur læri að vinna sjálfstætt og í samvinnu við aðra
- blanda nemendum milli bekkja
- nemendur nýti sér ritvinnsluforritið Word í starfi

Í nútímapjódfélagi er nauðsynlegt að geta sett sér markmið og geta unnið eftir þeim sjálfstætt eða í samvinnu við aðra. Einnig er nauðsynlegt að geta nýtt sér ýmsa miðla til upplýsingaröflunar, s.s. Internetið, bækur, dagblöð, myndbönd o.fl. Umhverfisvernd er í auknu mæli til umræðu og gefur þetta verkefni sérstakt tilefni til umræðna og vinnu með það málefni.

Verkefnið er unnið í lotu og gefur það möguleika á fleiri tímum þar sem unnið er markvisst í einu verkefni og það klárað. Um leið getur samvinna á milli bekkja verið meiri svo og samstarf kennara á ólíkum sviðum. Í þessu verkefni er sérstaklega sótt til bókasafnsfræðings innan skólans en líffræðings utan skólans.



Verkefnið

Verkefnið um Vífilsstaðavatn var fyrsta verkefni vetrarins. Þannig var meiri möguleiki á að upplifa fjölskrúðugt plöntu- og dýralíf við vatnið. Vinnunni var skipt upp í hluta og í hverjum hluta var unnið verkefni á bókasafninu í samvinnu við bókasafnsfræðing. Lagt var upp með að bókasafnsfræðingur kynnti fyrir nemendum heimildavinnu og skráningu heimilda. Verkefnin sem unnin voru á bókasafninu fjölluðu um plöntu, fugl, fisk og smádýr við vatnið.

Í upphafi verkefnisins var farið í vettvangsferð að vatninu. Bekkjum var blandað í ferðunum og völdum verkefnum. Nemendur söfnuðu plöntum, skoðuðu og tóku myndir af fuglum, kynntu sér staðarhætti í kringum vatnið og unnu með kort af svæðinu. Eftir ferðina voru plönturnar þurrkaðar. Nemendur völdu sér þrjár plöntur til að vinna nánar með. Farið var yfir myndir sem teknar voru á staðnum af fuglum. Skólinn á gott safn af uppstoppuðum fuglum sem komu sér vel í þessu verkefni. Með því að skoða þá nánar var auðveldara að átta sig á einkennum fuglanna við vatnið. Þegar nemendur þekktu einkenni fuglanna voru þeir flokkaðir eftir tegundum. Nemendur bjuggu til spil sem notað var til að festa enn frekar í minni hvaða tegund hver fugl tilheyrir.

Seinni vettvangsferðin var farin í lok verkefnisins. Hún var í samvinnu við líffræðing og Áhaldahús Garðabæjar. Þegar komið var að vatninu hafði líffræðingurinn lagt net í vatnið og öll áhöld til taks. Líffræðingurinn ræddi stuttlega við nemendur áður en þeim var skipt upp í hópa. Annar hópurinn safnaði smádýrum við vatnið á meðan hinn veiddi fiska úr neti og með háfum. Áður en ferðinni lauk sýndi

líffræðingurinn nemendum hvernig fiskurinn var krufinn og um leið helstu ytri einkenni og innfyli. Við vatnið býr allsérstæð tegund hornsíla sem fjallað var um. Nemendur tóku afrakstur ferðarinnar með sér í skólann. Þar fór fram krufning. Í hverjum hluta var innlöggn, glósur og fjölbreytt verkefni. Að lokinni innlöggn og



verkefnum hvers þáttar, lásu nemendur heima úr bókinni Vífilsstaðavatn – gersemi Garðabæjar. Var sá háttur hafður á til að auðvelda nemendum að skilja það sem lesið var. Nemendur unnu sín eigin markmið við upphaf verkefnisins. Markmiðinu var fylgt eftir með

t.d. sjálfsmati um miðbik og lok verkefnisins. Foreldrar gáfu nemendum um leið umsögn fyrir þá vinnu sem var að baki og góð ráð fyrir framhaldið.

Niðurstöður

Verkefnið hefur gefið góða raun í Flataskóla og er öllum eftirminnilegt. Í raun gekk þetta verkefni í heild sinni mjög vel og markmiðin sem lagt var upp með náðust. Vettvangsferðir og úrvinnsla þeirra standa upp úr. Var gaman að sjá nemendur njóta sín við öðruvísi aðstæður. Vinna með markmið og sjálfsmat var nokkuð nýtt fyrir nemendum en unnið var nánar með það í öðrum verkefnum vetrarins og gekk þá mun betur. Að láta nemendur setja sér markmið og meta sína eigin vinnu hefur gefið mjög góða raun.

Verkefnið var örlítið tímafrekara en við höfðum gert ráð fyrir í upphafi. Þar sem bætt var inn annarri vettvangsferð í upphafi sem ekki hafði verið gert áður mátti gera ráð fyrir að verkefnið tæki fimm vikur.

Lokaorð

Þetta verkefni er skemmtilegt bæði fyrir nemendur og kennara þar sem unnið er á mjög fjölbreyttan hátt. Það krefst hins vegar góðrar skipulagningar af hálfu kennara og bókasafnsfræðings sem tók mikinn þátt í starfinu. Að fá sérfræðing eins og líffræðinginn að þessu sinni eykur gildi þessa verkefnis. Bæði kennarar og nemendur fá dýpri skilning á því efni sem er til umfjöllunar.

Það gaf góða raun að blanda árganginum. Nemendur kynntust betur innbyrðis og kennurum gafst færi á að kynnast nemendum úr hinum bekknum.

Evrópuverkefni

7. bekkur



Verkefnið sem unnið var í 7. bekk var þemaverkefni um Evrópu og var árganginum blandað saman í þeirri vinnu. Nemendur lásu bókina Evrópa en velja sér síðan eitt land sem þau verða sérfræðingar í. Þau kynnst landinu á fjölbreyttan og skemmtilegan hátt.

Markmið með verkefninu eru að nemendur

- kynnist Evrópu á sem fjölbreytilegastan hátt
- kynnist því hvað markhópur þýðir
- setji sig í spor markhópsins og útbúa ferðaáætlun fyrir hann

Nemendur unnu saman í hópum og var hópvinnan byggð upp á eftirfarandi hátt:

- Undirbúningur – hópaskipting, hvað er markhópur, nafn á ferðaskrifstofuna.
- Skipulag – hvað vill markhópurinn (ferðamennirnir) vita um landið, hvað vilja þau gera.

- Bæklingur - Kort af landinu, íbúafjöldi, tungumál, veðurfar, landslag, matur, helstu borgir, menning og listir, fjöldi íbúa, siðir og venjur, helstu atvinnuvegir, trúarbrögð, kirkjur, fáni.
- Sýningin undirbúin – nemendur fara þá leið sem þeir vilja.
- Kynningin – æfa framsögn og að geta sagt frá án hjálpargagna.

Lýsing á verkefninu

Til að kynnast Evrópu þá

- teiknuðu nemendur upp Evrópu með hjálp myndvarpa
- settu inn á kortið höfuðborgir og aðrar borgir sem þeim fannst merkilegar
- síðan teiknuðu allir fána landanna og settu inn á kortið.

Hópavinna – undirbúningur

Nemendum var skipt upp í hópa og „starfar“ hver hópur á ferðaskrifstofu. Verkefnið gengur út á það að ferðaskrifstofan útbýr ferð fyrir ákveðinn markhóp. En til þess að geta það þurftum við að velta fyrir okkur hvað markhópur væri. Við ræddum um ólíka markhópa t.d. starfsmenn í bönkum, á spítulum, kennarar, gönguhópar og hversu ólíkar þessar ferðir gætu verið miðað við markhópinn.

Nemendur byrjuðu á því að velja sér land, síðan markhópinn og að lokum nafn á ferðaskrifstofunum með tiliti til markhópsins. Nöfnin á ferðaskrifstofunum voru fjölbreytt. Til dæmis valdi einn hópur heitið *Stóra Bretland*, annar *Ferðaskrifstofan óvissa*, sá þriðji lét sína ferðaskrifstofu heita *Þýskaland*, fjórði hópurinn valdi nafnið *Ferðaskrifstofan hamingja/brúðkaupsferðir* og ein ferðaskrifstofan fékk nafnið *Frakklandsferðir*. Nemendur voru u.þ.b. fjórir í hverjum hóp.

Hópvinnu – skipulag

Umræður um hvað er áhugavert fyrir ferðamennina að gera og vita um landið voru áhugaverðar og ólíkar. Þau þurftu enn og aftur að hafa í huga hver markhópurinn væri og skipuleggja ferðina út frá því. Sá hópur sem sá um brúðkaupsferðir lagði áherslu á rómantíkuna á meðan *Frakklandsferðir* lögðu áherslu á sinfónútónleika og heimsóknir á söfn enda markhópurinn þeirra *Sinfónúhljómsveit Íslands*.

Hópvinna – kynningin undirbúin

Nemendur máttu fara þá leið sem þeir vildu við að setja upp kynninguna og völdu þau allir hóparnir að útbúa Power-point glærusýningu, enda virtust þau vera búin að fá nóg af að lita og fönndra. Hver hópur varð að útbúa kynningarbás á sem fjölbreyttastan hátt. Til dæmis voru þeir hvattir til að koma með muni frá landinu, búa til fána, bækur um landið, o.s.frv.

Þá áttu nemendur að búa til bækling þar sem fram komu helstu upplýsingar um landið, um t.d. höfuðborg, íbúafjölda og veðurfar og þar var einnig kort af landinu. Þar átti einnig skipulag á sjálfri ferðinni að vera, þ.e. hvað gera átti frá degi til dags.

Hópvinnan – kynningin

Sjálf kynningin var í höndum nemenda en við ræddum um að hver hópur væri með ákveðið þema t.d. í litum tengdum fánanum, allir með eins hatta eða eitthvað því um líkt. Síðan kynnti hver ferðaskrifstofa sitt land, ferðatilhögun og bæklinginn fyrir markhóp sínum. Ekki er gaman að kynna svona verkefni fyrir tómunum sal og því var ætlunin að bjóða foreldrum og áttu þeir að vera í hlutverki markhópa ferðaskrifstofanna.

Niðurstöður

Verkefnið gekk mjög vel í heildina. Nemendur voru áhugasamir og forvitnir. Þeir veltu fyrir sér hvað viðkomandi markhópur hefði áhuga á og komu upp skemmtilegar umræður og hugmyndir. Við náðum ekki að klára þetta verkefni. Verkefnið var kynnt fyrir öðrum nemendum en ekki foreldrum. Það var eingöngu vegna tímaskorts (skólaárinu var að ljúka). Við hefðum átt að byrja fyrr á verkefninu og má ætla fjórar vikur í það. En það er óhætt að segja að þetta er skemmtilegt verkefni sem hægt er að nálgast á fjölbreyttan hátt.



Umræður og niðurstöður

Þróunarverkefnið *Fjölbreyttir kennsluhættir* í Flataskóla hafði það meginmarkmið að efla fjölbreytt og sveigjanlegt skólastarf í þeim tilgangi að auka veg fjölbreyttra kennslu- og námsmatsaðferða með það í huga að koma sem best til móts við einstaklingsmiðaðar þarfir nemenda, áhuga, hæfileika og getu. Allir umsjónarkennarar skólans tóku þátt í verkefninu, en til stóð í upphafi að list- og verkgreinakennarar tækju einnig þátt í því. Ekki varð þó úr því að þeir skipuleggðu formleg þróunarverkefni á sínum sviðum heldur tóku sumir þeirra þátt með samþættingu sinna greina í verkefnum einstakra árganga.

Eins og fram kemur í lýsingunum hér á undan þá eru kennarar almennt ánægðir með hvernig til tókst með þessi þróunarverkefni og er það samdóma álit allra að svo hafi verið í flestum atriðum. Óhætt er að fullyrða að best hafi tekist til við að auka veg fjölbreyttra viðfangsefna og fjölbreyttra kennsluáðferða og þannig hafi verið unnt að koma nokkuð vel til móts við einstaklingsmiðaðar þarfir nemenda, áhuga, hæfileika og getu. Þau verkefni sem lýst er í þessari skýrslu eru fyrst og fremst nokkur dæmi um það sem gert var því hvert teymi kennara vann fleiri en eitt verkefni sem skilgreint var sem hluti af þróunarverkefni skólans:

Fjölbreyttir kennsluhættir í Flataskóla.

Þegar verkefnin eru metin er fróðlegt að sjá að fjölbreytt viðfangsefni og kennsluhættir, margs konar skapandi starf og markviss samvinna nemenda sem og kennara eru þeir þættir sem eru mest áberandi.

Athyglisvert er að skoða hversu margbreytileg og áhugaverð viðfangsefnin voru og má segja að þau hafi endurspeglad virka kennsluhætti og skapandi starf. Þá er einnig mikilvægt að nefna hversu ánægðir nemendur voru og að þeim þótti glíman við þessi fjölbreyttu viðfangsefni mjög áhugaverð. Nefna margir kennararnir það sérstaklega að með þessum viðfangsefnum og skipulagi kennslunnar hafi tekist mun betur að koma til móts við mismunandi getu og áhuga nemenda en þeir þorðu að vona í upphafi.

Kennsluáðferðirnar sem voru prófaðar voru fjölmargar. Sem dæmi má nefna fjölbreyttar kveikjur að verkefnum, hringekjuskipulag, umræður, þankahríð, hópvinna, heimildavinna, námsspil, myndbönd, upplýsingaleit á Netinu og í bókum, útinám, verklega kennslu, sýningu,

þemavinnu, alls konar skapandi vinnu, auk lesturs, ritunar, söngs, myndrænnar og munnlegrar tjáningar. Mörg verkefnanna reyndu á að nemendur væru virkir þátttakendur í skipulagi náms einkum þar sem leitast var við að fá hugmyndir þeirra um viðfangsefnin með svokallaðri þankahríð.

Vert er að taka eftir hversu mörg verkefnanna reyndu á skapandi hugsun og skapandi úrvinnslu nemenda en þetta eru einmitt áhersluatriði í skólastefnu Garðabæjar (bls. 17 – 18). Nefna má myndverk af ýmsu tagi, líkanagerð, bókagerð, gifsgrímugerð, söngatriði, frásagnir, leikræna tjáningu og leiklist, búin voru til námsspil, myndir teknar af lífverum og skapandi skrif (bréfaskriftir, ferðalýsingar, leikritun). Er þess sérstaklega getið á einum stað að það hafi yljáð um hjartarætur að að sjá nemendur sem eru ekki sterkir á bókina vinna skapandi verkefni og fá hrós fyrir það frá samnemendum sínum.

Lögð var mikil áhersla á að fara með nemendur út fyrir skólann í vettvangsferðir hvers konar, og samræmist það einnig skólastefnu Garðabæjar um að leggja beri áherslu á útivist og útikennslu (bls. 16). Nefna má að farið var með nemendur í fjöruferðir, að Vífilsstaðavatni, á fiskmarkað í Hafnarfirði, í Húsdýragarðinn, í Þjóðminjasafn Íslands, Minjasafn Reykjavíkur og heimsóttu nemendur beitingamenn. Auk þess var fyrirhuguð ferð í Landnámssetrið í Borgarnesi í tengslum við verkefni um landnám Íslands. Þá voru gestir fengnir í heimsókn til að fræða nemendur. Í framhaldi af nokkrum vettvangsferðanna rannsökuðu nemendur lífverur sem þeir söfnuðu. Þessu til viðbótar má geta þess að hefðbundið bekkjarskipulag var oft brotið upp, t.d. með hinu svo kallaða hringekjuskipulagi, en þá er nemendum árgangsins skipt í nokkra blandaða hópa, jafnmarga og verkefnin eða viðfangsefnin eru. Færast þeir síðan á milli stöðvanna þar sem verkefnin eru.

Tölvu- og upplýsingatækni var nýtt í mörgum verkefnanna. Stuðst var við ýmis tölvuforrit, upplýsinga aflað á Netinu og í tengslum við mörg verkefnanna lærðu nemendur að búa til glærur í glærugerðarforriti sem þeir svo sýndu er þeir kynntu niðurstöður sínar fyrir foreldrum og öðrum gestum. Upplýsingaleit og úrvinnsla úr heimildum var stór þáttur í flestum þeim viðfangsefnum sem nemendur fengust við.

Námsmatið í eldri bekkjunum var einkum fólgið í því að vinna nemenda var metin með ýmsum hætti, s.s. samvinnan, heimsóknir á söfn og frammistaða á kynningum niðurstaðna og vinnubækur nemenda. Þá er sjálfsmat nefnt, nemendur úbjuggu verkmöppu til að halda utan

um verkefnin sín og í einu verkefninu gáfu foreldrar börnum sínum umsögn fyrir þá vinnu sem var að baki og góð ráð fyrir framhaldið. Ekki var getið um námsmat í yngri bekkjunum.

Flest verkefnanna byggðu á samþættingu námsgreina, þau voru heildstæð viðfangsefni þar sem lögð var áhersla á markvissa samvinnu kennara og nemenda í viðkomandi árgangi. Eitt af markmiðum verkefnisins var einmitt að efla þá sýn á skólastarfið að litið verði á hvern árgang sem heild og að hópaskipting innan hans einskorðist ekki við bekkjardeildir. Allir kennararnir nefna að þetta hafi tekist sérstaklega vel, nemendur hafi verið sérlega ánægðir með blöndun bekkjardeildanna í verkefnunum og nefna sumir kennaranna að þessi blöndun hafi unnið gegn rígg þeirra í milli og þar með aukið samkennd nemenda í árganginum.

Öllum verkefnunum lauk með formlegri kynningu á niðurstöðum og lauk langflestum þeirra á því að foreldrum og öðrum gestum var boðið að koma og njóta afrakstursins. Þar fengu nemendur þjálfun í að tjá sig í minni og stærri hópum (Skólastefna Garðabæjar, bls. 18) og var það samdóma álit allra kennaranna að þessar kynningar hafi verið einkar ánægjulegar og átt sinn þátt í að auka gildi verkefnanna.

Nokkrir kennaranna nefna ýmislegt sem betur hefði mátt fara í þessum þróunarverkefnum. Má þar nefna að samþætting við sérgreinarnar, þ.e. list- og verkgreinar, hafi ekki verið sem skyldi, að nýta mætti bókasafnið betur og að kveikjurnar hefðu mátt vera markvissari. Þeir nefna einnig að verkefnin hafi tekið lengri tíma og orðið umfangsmeiri en ráð var fyrir gert. Telja þeir líklegustu skýringuna þá að flestir kennaranna voru í teymiskennslu í fyrsta skipti og því hafi allt skipulag og undirbúningur tekið lengri tíma. Þá er rætt um mikilvægi þess að árgangurinn sem vinnur saman sé á sama svæði í skólanum.

Eins og fram hefur komið var eitt af markmiðunum að efla teymiskennslu kennara. Öll verkefnin voru skipulögð í náinni samvinnu umsjónarkennara hvers árgangs. Athygli vekur að kennararnir virðast hafa lagt sig í líma við þennan þátt og báru allir jafna ábyrgð á skipulagningu kennslunnar. Á samstarfsfundum mínum með teymum kennara kom vilji þeirra til slíkrar samvinnu mjög skýrt fram og sýna verkefnin hér á undan glöggt að þar hafi einnig vel til tekist, og er óhætt að taka undir með kennurum 1. – 2. bekkja þegar þeir segja að „grunnurinn að góðu verkefni liggur í góðri samvinnu kennaranna“ (bls. 9).

Með hliðsjón af öllu þessu má fullyrða að þeir kennsluhættir sem byggt var á í þessum verkefnum séu í góðu samræmi við meginmarkmið þróunarverkefnisins og um leið þá áherslu í skólastefnu Garðabæjar að auka fjölbreytni í náms- og kennsluháttum.

Tilvísanir

- Aðalnámskrá grunnskóla. (1999). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir. (2004). *Leiklist í kennslu*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Gerður G. Óskarsdóttir. (2003, febrúar). *Skólustarf á nýrri öld*. Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.
- Guðmundur Ingi Leifsson, Ingvar Sigurgeirsson, Ólafur H. Jóhannson og Ragnar Gíslason. (1987). *Landnám Íslands*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Hafdís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir. (2005). *Fagleg kennsla í fyrirrúmi*. Reykjavík: Höfundar.
- Ingvar Sigurgeirsson. (1999). *Litróf kennsluáðferðanna*. Reykjavík: Æskan.
- Lilja M. Jónsdóttir. (1995). *Skapandi skólustarf*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Mogensen, Arne og Balzer Petersen, Silla. 2000. *Eining 3*. (Íslensk þýðing og staðfærsla Guðbjörg Pálsdóttir og Sigrún Ingimarsdóttir; teikningar Inger Tobiasen, Sigrún Eldjárn; ritstjóri Hafdís Finnbogadóttir). Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Nemó. Kvikmynd.
- Pfister, Marcus. (1995). *Regnbogafiskurinn*. Reykjavík: Vaka-Helgafell.
- Ragnar Gíslason. 5. útg. (2005). *Evrópa – álfan okkar*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Skólustefna Garðabæjar 2006 – 2009. Garðabær: Bæjarskrifstofur Garðabæjar.
- Sólrún Harðardóttir. (2005). *Komdu og skoðaðu hafið*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Sólrún Harðardóttir. (2002). *Komdu og skoðaðu himingeiminn*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Sólrún Harðardóttir. (2001). *Vífilstaðavatn – gersemi Garðabæjar*. Garðabær: Umhverfisnefnd og garðyrkjustjóri.
- Stafford, David. (1999). *Pláneturnar*. Myndband.
- Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. (2004). *Flýgur fiskisagan*. Hafnarfjörður: Tunga.